



Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2026  
MSS26020047

### **Umsögn um fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um að unglíngum í 9. og 10. bekk bjóðist hlutastörf yfir vetrartímann**

Á fundi borgarstjórnar, dags. 10. febrúar 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um að unglíngum í 9. og 10. bekk bjóðist hlutastörf yfir vetrartímann, sbr. 9. liður fundargerðar borgarstjórnar, dags. 10. febrúar 2026.

*Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela Vinnuskóla Reykjavíkur að bjóða unglíngum í 9. og 10. bekk upp á hlutastörf á starfsstöðum Reykjavíkurborgar yfir vetrartímann frá og með hausti 2027.*

#### **Greinargerð:**

*Það er erfitt fyrir unglínga að fá vinnu á veturna án þess að vera með tengsl inn á atvinnumarkaðinn. Þess vegna leggjum við til að Reykjavíkurborg bjóði unglíngum upp á hlutastörf yfir vetrartímann. Þegar unglíngar hafa vinnu, þó það sé hlutastarf, þá gerir það þeim kleift að hafa eigin fjárráð og læra að hafa betri stjórn á peningum. Það getur líka hentað þeim unglíngum sem búa við fátækt og hafa ekki fjárhagslega sterkt bakland. Unglíngar læra líka að skipuleggja sig betur þegar þeir þurfa að gera ráð fyrir að mæta til vinnu með skóla. Hugmyndin er sú að væri boðið upp á störf í frístundaheimilum, leikskólum, félagsmiðstöðvum fyrir aldraða, félagsmiðstöðvastarfi á miðstigi og í tilfallandi störfum.*

Tillögunni var vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs sem vísaði tillögunni til umsagnar dags. 25. febrúar 2026 til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu mannauðsmála.

#### **Umsögn:**

Vinnuskóli Reykjavíkur er árstíðabundið verkefni og er starfsfólk á skrifstofu Vinnuskólans aðeins í vinnu frá mars til loka ágúst og því hefur skólinn ekki starfsfólk til að sinna þessari umsýslu allt árið um kring. Ef leggjast á í svona umfangsmiklar breytingar á starfsemi Vinnuskólans þarf því að fylgja fjármagn.

Að auki er það faglegt álit stjórnenda Vinnuskólans að í 9. og 10. bekk ættu nemendur að leggja áherslu á nám sitt frekar en vinnu með skóla og að ef slíkar útfærslur ættu að eiga sér stað þyrfti það að vera gert í samráði og samvinnu við SFS og grunnskóla borgarinnar.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

---

Þorvaldur Guðjónsson  
Umhverfis- og skipulagssvið



**Reykjavík**